

Kæra til landskjörstjórnar

varðandi framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar þann 20. október 2012

Kærandi:

Svavar Kjarrval Lúthersson

Kríuás 19

221 Hafnarfjörður

Krafa

Að verklag það sem kært er verði breytt svo það verði í samræmi við landslög.

Ekki er krafist ógildingar kosninganna.

Viðeigandi lagagreinar

2. mgr. 63. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 er hljóðar svo:

„Að þessu loknu fær kjósandi afhent kjörgögn. Skal hann síðan aðstoðarlaust og án þess að nokkur annar sjái rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt er segir í 2. mgr. 62. gr. og setja atkvæðið í kjörseðilsumslagið. Því næst áritar og undirritar kjósandi fylgibréfið í viðurvist kjörstjóra sem vottar atkvæðagreiðsluna.“

1. mgr. 12. gr. laga um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna, nr. 91/2010 er hljóðar svo:

„Um atkvæðagreiðsluna sjálfa, undirbúning hennar og atkvæðagreiðslu utan kjörstaða og á kjörstað fer að öðru leyti samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.“

Kæruheimild

1. mgr. 13. gr. laga um framkvæmd þjóðarkatkvæðagreiðslna, nr. 91/2010.

Rökstuðningur

Við atkvæðagreiðslu mína utan kjörfundar þann 18. október 2012 hjá sýslumannsembættinu í Hafnarfirði var ég krafinn um það að rita undir fylgibréfið áður en ég fékk kjörseðilinn í hendur. Forsenda þess að ég fæ kjörseðilinn í hendur er undirritun fylgibréfsins, þar sem kveðið er á að ég hafi kosið í einrúmi, sett kjörseðilinn í umslagið og lokað því. Af því leiðir að kjósandi er skyldaður til þess að undirrita yfirlýsingu um að hann hafi framkvæmt eitthvað sem hann getur ómögulega hafa gert fyrir undirritun fylgibréfsins.

Þegar ég minntist á þetta við fulltrúa sýslumanns nefndi hann að þetta verklag gildi einnig í atkvæðagreiðslu utan kjörfundar í Laugardalshöll. Gefur það til kynna að verklag sýslumannsembættisins í Hafnarfirði er ekki einsdæmi.

Í lögum um kosningar til Alþingis er greinilega tekið fram að áritun og undirritun fylgibréfsins eigi að fara fram **eftir að** atkvæði hefur verið greitt og það sett í kjörseðilsumslagið. Kjörstjórar víðs vegar um landið hafa því allan þann tíma sem verklaginu hefur verið framfylgt ranglega vottað um að atkvæðagreiðslur hafi verið rétt framkvæmdar þegar svo var augljóslega ekki. Verklag sýslumannsembættisins hefur því ekki verið í samræmi við þau lög sem gilda um kosningar.

Af þeirri ástæðu geri ég þá kröfu að umrætt verklag verði bætt svo það samræmist landslögum og þá sérstaklega kosningalögum.

Svavar Kjarrval Lúthersson